

Stjórn N1 hf.

Bt. Margrétar Guðmundsdóttur
Formaður stjórnar N1 hf.

Með vísan til 3. másl. 2. mgr. 13. gr. samþykktar N1 hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, eftir því að stjórn félagsins setji eftirfarandi tillögur sjóðsins á dagskrá aðalfundar félagsins sem haldinn verður 23. mars 2015.

Fyrri tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er svohljóðandi:

Við ákvæði 2. málsliðar 1. mgr. 9. gr. í samþykktum félagsins bætast eftirfarandi orð:

„...og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Ákvæði 9. gr. í samþykktum hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Félagið má eigi veita lán út á hluti sína í félaginu nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, forstjóra eða framkvæmdastjórum félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána eða kaupa starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum í félaginu eða kaup á hlutum í félaginu fyrir slíka aðila svo sem lög og starfskjara- og kaupréttaráætlanir félagsins heimila.“

Greinargerð vegna tillögu:

Í framangreindri tillögu felst sú regla að veiti hluthafafundur stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum, þá verði slíkrar heimildar sérstaklega getið í samþykktum. Tillagan er gerð til að bæta gegnsæi samþykktar varðandi útgefið hlutafé - og heimildir til að hafa áhrif á útistandandi hlutafé félagsins. Tilgreining samþykktar á veittri heimild hluthafafundar til stjórnar til kaupa á eigin hlutum er mikilvæg fyrir hluthafa og aðra fjárfesta, s.s. vegna upplýsinga um umfang slíkra heimilda, tilgang þeirra og verðlagningu.

Þá hafa kaup á eigin hlutum áhrif á atkvæðavægi eignarhluta m.t.t. útgefins hlutafjár annars vegar og útistandandi hlutafjár hins vegar, sem og e.t.v. verðmæti hluta, s.s. ef kaup eru hluti af endurkaupaáætlun.

Skýr tilgreining og afmörkun á heimildum stjórnar til kaupa á eigin hlutum í samþykktum auðveldar hluthöfum og öðrum fjárfestum að gera sér grein fyrir heimildum stjórnar til að hafa áhrif á útistandandi hlutafé.

Seinni tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er breytingartillaga á g)-lið tillagna stjórnar sem lögð hefur verið fram fyrir aðalfund 2015 og birt var með auglýsingu þann 2. mars 2015 - um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum. Breytingartillagan er svohljóðandi:

A- hluti: Eftirfarandi orð í tillögu stjórnar falli brott:

„Stjórn leggur til að félagið fái heimild til kaupa á eigin hlutum...“

Í stað þeirra komi orðin:

„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur...“

B-hluti: Eftirfarandi orð í tillögu stjórnar falli brott:

„...á gengi sem sé ekki hærra en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirleggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.“

Í stað þeirra komi orðin:

„...í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Tillagan hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“

Greinargerð vegna breytingartillögu:

A-hluti tillögunnar lýtur að því að gera orðalag hennar þannig úr garði að í tillögunni felist sjálfstæð heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum, sem staðið getur sem sjálfstætt heimildarákvæði í viðauka við samþykktir, sbr. framangreind fyrri tillaga Gildis-lífeyrissjóðs.


Í B-hluta tillögunnar felst að heimild til kaupa á eigin hlutum verði ekki almenn, heldur verði hún afmörkuð við að kaupin verði liður í viðskiptavakt með bréf félagsins og/eða formlegri endurkaupaáætlun. Ítarlegar reglur gilda um upplýsingaskyldu og framkvæmd slíkra viðskipta með eigin hluti félagsins sbr. tilvitnuð ákvæði laga um verðbréfaviðskipti, sem tryggja gegnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

Skilyrði um tilgreiningu á verði vegna kaupa á eigin hlutum eru óþörf ef kaupin eru í samræmi við tilvitnuð lagaákvæði og því er gerð tillaga um að skilyrði um verðlagningu falli brott.

Við fyrri tillögu Gildis-lífeyrissjóðs vegna viðauka í samþykktum - eru jafnframt rakin sjónarmið að baki nauðsyn þess að heimildir stjórnar til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar m.t.t. umfangs þeirra, tilgangs og verðlagningar. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er því lögð fram til að skýra betur og afmarka umboð stjórnar vegna heimilda hennar til kaupa á eigin hlutum.

Reykjavík 9. mars 2015

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs,



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri